



Stjórnarfundur Leiðsagnar 27. mars 2024 kl. 18:00

Mættir: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) formaður, Halldór Kolbeins (HK) varaformaður, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) gjaldkeri og Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ). Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) ritari og Jóhanna Magnúsdóttir eru á fjarfundi. Fundurinn er haldinn á Stórhöfða.

Formaður setur fund kl. 18:05

Dagskrá:

1. Ársreikningar.
2. Undirbúningur aðalfundar.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Fastanefndir- greinargerðir.
5. Aðildargjald– tillaga stjórnar.
6. IGC– félagsgjald.
7. Heiðursfélagar– Elísabet Brand og Pétur Urbancic?
8. Brotafyrirtæki- kostnaður/samstarf við VR.

Önnur mál.

1. Ársreikningar.

Gjaldkeri GME fer í gegnum ársreikninga og skýrir út einstaka liði.

Fyrst er farið yfir *Endurmenntunarsjóð* og hann stendur betur en í fyrra og er í ágætismálum, segir GME. Því næst er *Sjúkrasjóður* á dagskrá. Í ljós kemur að umsýslugjald Leiðsagnar til Sjúkrasjóðs hefur ekkert hækkað í nokkur ár. Það hefur verið rætt í stjórn Sjúkrasjóðs. Sjúkrasjóður stendur mjög vel. Spurning hvort eigi að hækka gjaldið, engin ákvörðun tekin.

Félagssjóður Leiðsagnar. Þar hefur launakostnaður hækkað umtalsvert frá fyrra ári og má rekja til þess að verið var að greiða fleirum laun – starfsmaður skrifstofu sagði upp og fékk uppsagnafrest greiddan. Nýr starfsmaður kom inn og var settur í hærra starfshlutfall. Spurningar komu fram um lögfræðikostnað Stjórn ræddi um mikilvægi þess að gjaldkeri gæti skýrt út hvað stendur á bak við hverja tölu á aðalfundi..

2. Undirbúningur aðalfundar 4. apríl n.k.

Það vantar enn að finna fundarritara, formaður tekur það að sér. Samþykkt að nauðsynlegt sé að fá utanaðkomandi tæknimann til að sjá um streymi fundarins

3. Skýrsla stjórnar.

Formaður byrjar á skýrsluskrifum og sendir á stjórnarliða á allra næstu dögum.

4. Fastanefndir- greinagerð.

Það vantar greinargerðir frá öllum nefndum: Upplýsinganefnd, fræðslunefnd og ennfremur fagráði. Þær þurfa að berast fyrir aðalfund.

5. Aðildargjald– tillaga stjórnar.

Rætt um aðildargjald, sem núna er kr. 10.000. Það eru yfir sjö hundruð manns sem greiða aðildargjald. Rætt um að leggja fram tillögu að aðildargjaldi sem samsvarar iðgjöldum í fjóra mánuði af lágmarkslaunum. Sú upphæð er umtalsvert hærri en núverandi aðildargjald. SSS og SAÁ taka að sér að skrifa tillögu, sem borin verður upp á aðalfundi.

6. IGC– félagsgjald.

Norræn samtök leiðsögumanna, sem Leiðsögn hefur verið aðili að og greitt í árgjald. Þessi samtök hittast einu sinni á ári og hafa nokkrir leiðsögumenn farið á fundi/ráðstefnur. Þrátt fyrir ítrekaða beiðni Leiðsagnar hafa íslensku fulltrúarnir aldrei skilað neinni greinargerð. Leiðsögn sagði sig úr þessum samtökum – í fyrra - því ekkert kom út úr samskiptunum. Nú vilja þessir fulltrúar að Leiðsögn greiði árgjald svo þeir geti sótt fundi og haft atkvæðisrétt fyrir hönd Íslands. Leiðsögn sér ekki ástæðu til að greiða það nema að fenginni greinargerð.

7. Heiðursfélagar– Elísabet Brand og Pétur Urbancic?

Vísað í póst frá Hörpu Björnsdóttur – 20/12/23 og 19/01/24 varðandi það að gera ofangreinda féлага Leiðsagnar að heiðursfélögum. Þau eru bæði tvö meðal stofnenda félagsins og ein fárra sem enn eru á lífi. Málið hefur ekki verið tekið fyrir af stjórn. Umræður á fundinum leiddu í ljós að það vantar skýrari stefnu varðandi val á heiðursfélögum. Skýr stefna verður að liggja fyrir áður en frekari ákvarðanir verða teknar.

8. Brotafyrirtæki- kostnaður.

Ákveðið fyrirtæki í ferðaþjónustu leyfir starfsfólki ekki að greiða í stéttarfélag. VR hefur reiknað út fyrir Leiðsögn hversu mikið fyrirtækið skuldar starfsfólki sínu og hlaupa upphæðir á nokkrum hundruðum þúsunda fyrir hvern og einn starfsmann, sem eru fimm talsins, allt útlendingar. SAÁ segir að ASÍ verði að taka þetta mál til sín því þetta sé prófmál. Spurning hvort þurfi að kæra. Sjálfsagt að styðja þetta mál.

Önnur mál.

- A. Jakob S. Jónsson hefur ekki svarað póstum sem formaður sendi honum og þaðan af síður skilað nokkru inn. Í ljós hefur komið að á heimasíðu Hæfnisseturs ferðaþjónustunnar er að finna handbók fyrir leiðsögumenn: <https://haefni.is/fraedsluefni/goodtoknow/>. Á heimasíðu Hæfnisseturs segir: Goodtoknow.is er upplýsinga- og fræðsluvefur fyrir framlínustarfsfólk í ferðaþjónustu.“ Verkefni JSJ er að gera handbók ætlaða leiðsögumönnum. Formaður lagði fram tillögu um: að JSJ verði boðið að skila allri þeirri vinnu sem hann hefur unnið – að hans eigin sögn 400-500 bls. – eigi síðar en kl. 12:00, 2. apríl n.k. Tillaga samþykkt.
- B. Bókari félagsins er kominn í tímabundið veikindaleyfi. Búið er að finna annan bókara - Jónas hjá Abbey Roads – sem mun leysa bókara af tímabundið meðan hún er í

veikindaleyfi. Formaður ætlar að biðja Jónas um kostnað. Samþykkt er að færa bókara veglegan blómvönd.

- C. GME spyr SAÁ um kjarabrotamál. SAÁ segir að það sé dágóður stafli sem við fáum frá öðrum félögum og hann er búinn að fara í gegnum. SAÁ segir að það komi að þeim tímavarki að heildarsamtök launafólks – ASÍ – þurfi að fara fyrir hönd Leiðsagnar í viðkomandi fyrirtæki.

Formaður sendir bókun í tölvupósti:

Bókun við bókun GME á fundi 21.03.2024. GME hefur ekki haft frumkvæði af viðræðum um mögulega sameiningu við VR, þetta er umræða sem oft hefur komið upp bæði af fyrrum stjórnarmönnum og trúnaðarráðsmönnum undanfarin ár. Framlagðar bókanir á fundum lýsa eingöngu skoðun um þess sem það gerir, en jafngilda ekki samþykktum. Þar að auki hefur GME farið fram hjá stjórn og trúnaðarráði með því að ein síns liðs óska eftir viðræðum við VR án nokkurrar samþykktar stjórnar/trúnaðarráðs. Þar með hefur hún rýrt verulega tiltrú forustu VR á forustu Leiðsagnar með frumhlaupi sínu og sýnt af sér andfélagslega hegðun sem ekki sæmir stjórnarmanni í stéttarfélagi.“

Fundi slitið kl. 19:55.